

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 76/2024

2024/EES/52/33

frá 15. mars 2024

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2904 frá 25. október 2023 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2019/1122 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar rekstur á skrá Sambandsins ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21anb (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1122) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32023 R 2904:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2904 frá 25. október 2023 (Stjtið. ESB L, 2023/2904, 29.12.2023).“

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/2904, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2904, 29.12.2023.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.